

C Q T F



Í.R.A. boðaði til skemmtikvölds laugardaginn 19. mars 2005. Þó nokkrir féagar mættu og áttu ánægjulega stund.

Myndina tók Ársæll Óskarsson TF3AO

Í þessu blaði

2. tbl.
23. árg.
maí 2005



Frá ritstjóra	2
Fundargerð félagsfundar 15.01.2005	3
Fundargerðir stjórnarfunda	4
Keppismál	5
Endurvarpamál	6
Félagatal Í.R.A.	7
Neyðarfjarskipti-námskeið og próf	10
Til umhugsunar á tölvuöld	12
Morokulien	13
Meira afl	14
Aðalfundur Í.R.A. 2005	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radíóamatóra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatóra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatóra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatóra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatórradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísinda legra rannsóknna og uppgötvana á sviði radíófjárskipta.
- Órva radíóþróttir meðal radíóamatóra.
- Þróa amatórradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatórradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2004-2005 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Benedikt Guðnason TF3TNT
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sveinsson TF3GB
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG
Varam.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radíóamatórar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ITR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhólf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatórradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radíóstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radíótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar og gleðilegt sumar.

Ekki alls fyrir löngu rak á fjörur mínar umræður um fyrirbæri sem kallast "self spotting" á DX Clusterum og þá í sambandi við keppnir. Þar sem að ég stóð í þeirri meiningu að þetta væri algerlega bannað, það er að segja í keppnum, þá tók ég mig til og skoðaði málið aðeins nánar og komst að því þetta mun ekki brot á reglum í öllum keppnum og

jafnvel frekar algengt í keppnum yfir 30 MHz. Þetta mun þó líklega bannað í öllum stærstu keppnum sem haldnar eru. Þeir sem eru hvað harðastir í þessu reyna að fela slóðina sína með ýmsum aðferðum en nú hefur K1TTT búið til aðferð til að komast að raunverulegum IP tölum þessara þrjóta og þannig því hægt að rekja þær til notandans. Þó svo að keppnisstjórnendur hafi ekki gert mikið af því að refsa mönnum fyrir þetta ennþá þá er aldrei að vita hvað verður. Þrýstingur frá öðrum þátttakendum hefur aukist.

Ástæðan fyrir því að ég minnst á þetta hér er að það hefur sést til íslenskrar amatörstöðvar gera svona á heldur klaufalegan hátt og svo notuð séu fleyg orð þá gerir maður ekki svona.

Einhverju sinni þegar ég setti upp vefsíðuna okkar þá datt mér í hug að setja á hana leitarvél til að hægt væri að leita á síðunni. Átti svo sem ekki von á þetta yrði mikið notað. En annað kom í ljós og er þessi leitarvél drjúgt notuð í hverri viku og raunar miklu oftar en ég átti von á.

Einhvertíma í þá gömlu góðu daga var DXCC dálkur í blaðinu sem var í þá veru að félagar sendu til ritstjóra upplýsinga um hvað þeir væru búnir að hafa samband við mörg DXCC lönd og hvað mikið af þeim væri staðfest. Þetta var síðan uppfært í hverju blaði. Mér datt í hug hvort þið hefðuð áhuga fyrir þessu og bið ykkur endilega að senda inn upplýsingar. Þetta er meira hugsað til gamans en að á bak við þetta sé einhver keppni.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim Ársæli TF3AO og Kristni TF3KX fyrir að hafa tekið ákalli mínu um að gerast fastir skrifendur í blaðið. En betur má ef duga skal og nú vantar ekki nema eins og tvo til viðbótar og þá er þetta að verða komið á þökkalegt ról

73 de TF5BW

Fundargerð félagsfundar 15.01.05

Bjarni Sverrisson TF3GB



TF3GB

Formaður, TF3HP, setti fundinn formlega kl. 1425 og bauð alla velkomna. Sagði hann fundinn að mestu án dagskrár. Hann væri boðaður til að hittast og ræða um fjarskipti og fjarskiptatengd málefni. Einnig gæfust hópum tengdum féluginu tækifæri til að koma á framfæri sínu starfi og áhugamálum. Að þessu sögðu greindi hann frá ákvörðun stjórnar félagsins að gera Eggert Steinsen, TF3AS, að heiðursfélaga, jafnframt því að sæma Stefán Arndal, TF3SA, silfurmerki félagsins. Einnig veitti Sveinn Guðmundsson, TF3T, viðtöku gullmerki félagsins og heiðurskjali en hann varð heiðursfélagi á 50 ára afmæli félagsins '96. Allir héldu þeir smá tölu og þökkuðu fyrir sig. Var þeim klappað lof í lófa.

Konráð, TF3KE, sagði frá framtíðaráformum radióskáta og helstu viðburðum, svo sem TDOTA, JOTA, og landsmóti skáta. Á landsmóti skáta væri búnaður og uppsetning radióskáta eitt besta aðráttaraflíð á mótinu. Allir radióamatörar væru meira en velkomnir að taka þátt í þessum viðburðum um styttri eða lengri tíma. Meira á: www.scout.is.

Vala, TF3VD, sagði frá stofnun norrænu kvenamatörhreyfingarinnar, SYLRA. Hún sagði að hingað væru væntanlegar í sumar YL frá hinum norðurlöndunum til að halda fyrsta þing samtakanna. Hefði í því sambandi verið sótt um sérstakt kallmerki til POF og þess farið á leit við Í.R.A. að fá afnot af klúbbsstöð félagsins.

Kristinn, TF3KX, hrósaði stjórn félagsins fyrir fundinn en ræddi síðan um nýja keppni, sem hann vill koma á laggirnar. Keppnin er fólgin í því að hafa samband við amatöra innanlands, nær og fjær, sem flesta og sem **CQ TF maí 2005**

oftast, á ferðalagi eða heima. Nánar er um þetta í 5. tölublaði CQ-TF 2004 og á heimasíðu Kidda : www.simnet.is/net/tf3kx.

Karl Jóhann, TF3 KJ, bar fram hugmynd að sýningu til kynningar á amatörradíói. Vitnaði hann til fyrri tíma þegar haldin var sýning á tækjum og ýmsu, sem tengdist radiói og starfrækt var stöð á staðnum. Það væri ekki nauðsynlegt að vera með sýningu á hverju ári, kannski 3ja- 5ta hvert ár. Þetta gæti þó vakið athygli á okkur.

Eftir að TF3KJ hafði lokið máli sínu, bauð formaður fundarmönnum að þiggja kaffi og kökur. Kom þá Axel, TF3AX, mönnum á óvart er hann tilkynnti að hann ætti afmæli í dag og færði fundinum kökur af því tilefni. Voru kökurnar þægileg viðbót við skonsurnar frá Friðu, TF3FHT og annað sem í boði var. TF3AX var óskað til hamingju. Vill stjórnin koma á framfæri þakklæti til beggja.

Eftir kaffihlé hóf formaður umræðuna á ný og færði í tal námsefni fyrir radióamatöra á íslensku. Taldi hann að til væri heilmikið efni, sem safna þyrfti saman á einn stað. T.d. ætti Haukur, TF3HK, heilmikið efni, sem vinna mætti uppúr námsefni aðlagð að þörfum radióamatöra. Beindi hann því til Villa, TF3DX, formanns prófnefndar, hvort prófnefndin væri fánleg til að semja kaflaskiptinguna fyrir kverið. Síðan yrði efni safnað í kaflana m.a. með tilliti til prófa síðustu 10 ára og þannig leitast við að kenna það efni sem kæmi amatörum að gagni, án þess að gera það of þungt.

Umræður spunnust um þetta og margt annað manna á meðal uns fundinum lauk uppúr 1700.

Samkvæmt gestabók félagsins sóttu 35 manns fundinn, sem þótti takast vel.

Fundargerð ritaði Bjarni Sverrisson TF3GB

Fundargerðir stjórnarfunda

Bjarni Sverrisson TF3GB



TF3GB

Stjórnarfundur 03.02.05 klukkan 19.00. Mættir eru TF3HP, TF3GW, TF3AO, TF3GB, TF3SNN, TF3TNT.

Kynnt var námsefni, sem félaginu barst frá sænska og norska félaginu. Bækur þessar koma áreiðanlega að

gagni þegar hugað verður að gerð námsefnis á íslensku. TF3GB falið að senda félögnum þakkrabréf.

Umræða um tilraunatíðnirnar á 5 MHz. Því var skotið fram að félagið ætti að sækja um leyfi fyrir íslenska amatöra á þessum tíðnum. Athuga þyrfti hvaða tíðnir væru leyfðar í löndunum, sem þegar hefðu leyft starfrækslu á þessum tíðnum og haga umsókninni eftir því. TF3GW falið að annast málið.

Lítilllega var komið inn á endurvarpamál og kom þar fram að ráðgert er að skipta út sendinum í Smala. Einnig var rætt um útbreiðslu endurvarpanna og hvernig mætti auka hana, m.a. með nettengingu.

Önnur mál voru ekki á dagskrá en fundi slitið um kl. 20.00. TF3GB, ritari.

Stjórnarfundur 03.03.'05. kl.19.00. Mættir eru TF3HP, TF3GW, TF3AO, TF3GB, TF3SNN, TF3TNT Formaður setur fundinn og fer yfir stöðu námskeiðsmála og sýnir fundarmönnum kladda með námsefni, sem dreift var til síðasta hóps.

Þá var tekið til umræðu bréf eða drög að bréfi Jóns Þórodds, TF3JA, þar sem hann lýsir áhuga sínum á að stofna til nýs leyfisflokks, e.k. kynningarleyfis þar sem litlar tæknikröfur séu gerðar til leyfishafa. Yrðu námskeið með hraðsuðulaginu og haldin með stuttu millibili. Þá kvaðst Jón tilbúinn að sjá um að útbúa próf fyrir þennan flokk og sjá um framkvæmd prófanna (í samráði við prófanefnd). Sitt sýndist hverjum um þetta og urðu af þessu nokkrar umræður um leyfisflokka og leyfisveitingar, samhæfingu við HAREC o. fl.. Að lokum var ákveðið að álykta eftirfarandi: Stjórnin ályktar að ekki sé ástæða að sinni að

breyta fyrirkomulagi prófa eins og það er í dag. Hugsanlega mætti þó fjölga prófum í 3-4 ári.

Þá var komið inn á að nú hefði Þjóðminjasafnið tekið við Fjarskiptasafninu á Melunum. Hugsanlega myndi nú skapast tækifæri til að afla stuðnings safnsins við uppákomur, sem héldu á lofti sögu fjarskipta og radióamatöra á Íslandi.

Ábending kom inn á fundinn vegna logga TF31-RA, TF1IRA og TF3W fá Billa TF5BW. Hann hefur lengi langað að koma loggunum á heimasíðu félagsins. TF3GB hefur sent loggana fyrir nokkru en eitthvað var erfitt að opna þá, svo Billi ítrekaði óskina. Var ákveðið að 3GB og 3AO sæju um að kippa þessu í liðinn.

Lítillsháttar umræða varð um fyrirspurnir frá útlöndum, sem ritari mun svara.

Þá þurfti að finna dagsetningu fyrir bjórkvöld (dagskrá) og aðalfund. Var stungið uppá 19. mars fyrir bjórkvöld og 21. maí fyrir aðalfundinn.

Fundi slitið kl. 20.00. TF3GB, ritari.

Stjórnarfundur 07.04.05 kl. 19.00. Mættir eru TF3HP, TF3GW, TF3AO, TF3GB, TF3SNN, TF3TNT.

Kynnt bréf frá TF3VD vegna ráðstefnu kvenamatöra í sumar, 13.-14. júní. M.a. verður starfrækt stöð í kringum ráðstefnuna og hefur hún fengið kallmerkið TF3SYL. Aðstaða fyrir starfræksluna hefur verið boðin á klúbbstöð Í.R.A.

Ákveðið var að boða aðalfund 28.maí.

Umræða um prófamál og ákveðið að heyra nánar frá Jóni, TF3JA um þau.

TF3GW leggur fram bréf til Póst og fjarskiptast., þar sem sótt er um leyfi til starfrækslu á nokkrum tíðnum á 5 MHz. Umsóknin er sniðin að því sem gerist í m.a. Noregi, Finnlandi og Bretlandi.

TF3GB falið að skrifa bréf vegna rangrar starfrækslu erlendra amatöra á Íslandi og vegna rangra upplýsinga, sem birtust í CQ-DL varðandi notkun svæðisnúmera í forskeyti þegar um amatöra með CEPT leyfi er að ræða.

Að lokum var rætt um IMD starfrækslu frá Höfða. Ómögulegt virðist að fá inni í húsinu sjálfu þannig að notast verður við klúbbstöð Í.R.A.

Fundi slitið kl. 20.00. TF3GB ritari

CQ TF maí 2005

Keppnismál

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Eins og þeir vita sem þetta lesa þá hefur aftur og aftur verið ítrekað af ritstjóra CQ TF að hann geti ekki haldið þessu blaði úti nema að fá efni í það. Það kom mér til að hugsa um hvað ég gæti látið af mér leiða til að hjálpa til við að halda þessu blaði úti. Þar sem vitað var að ég gæti ekki skrifað neinar tæknilegar greinar, datt mér í hug að taka þráðinn upp að nýju og skrifa um keppnismál. Fyrir nokkrum árum skrifaði ég reglulega um þessi mál, en það var oftast nær af eigin afrekum á þessu sviði, nú eða þá klúbbstöðvarinnar, þar sem ég var þá oftast þátttakandi í gamninu. Í byrjun þessa árs sendi ég nokkrum félagsmönnum, sem ég vissi að af og til hafa tekið þátt í keppnum, tölvupóst og bað þá um að koma til mín upplýsingum af afrekum sínum á keppnisviðinu. En það er með þetta eins og hjá ritstjóra vorum að illa gengur að fá efni. Aðeins einn hefur svarað mér, og fylgja hér á eftir upplýsingar um hans gengi. Eg vil því nota tækifærið og hvetja félagsmenn að senda mér upplýsingar um þátttöku sína og hvað eina sem viðkemur keppnismálum.

Á hverju ári byrjar keppnistímabilið snemma. Undanfarin ár hef ég tekið þátt í SARTG New Year Contest. Þessi keppni fer aðeins fram á 40 & 80 metrum, RTTY fyrsta dag ársins frá kl. 08 til 11. Það er því ekkert annað en að rífa sig á lappir og reyna. Þetta árið hafði ég 12 sambönd, öll á 40M og voru þetta stöðvar frá OZ, SM, OH, LY, og ON.

Í ARRL RTTY RoundUp keppninni sem fram fór 8. og 9. Janúar hafði ég 98 sambönd og voru þau einna helst á 20 & 40M. Eg náði 4 ríkjum á 40M og 16 á 20M, en í þessari keppni fást fleiri stig eftir því sem ríkin eru fleiri (margfaldarar).

CQ TF maí 2005

Þá hef ég tekið þátt í ýmsum keppnum nú fyrra hluta ársins, svona rétt til að gefa gömlum kunningjum margfaldarann fyrir Ísland, en ekki af neinni alvöru. Þar má nefna: BARTG Sprint RTTY Contest, UK DX RTTY Contest, UBA SSB Contest, Russian PSK Contest, REF SSB Contest og ARRL SSB Contest. Í BARTG HF RTTY Contest hafði ég 325 sambönd, enda skilyrði ágæt. Flest sambönd í þessari keppni voru innan Evrópu, örfá til N-Ameríku, og svo EA8 í Afríku. Þá er vert að nefna keppni svo sem WPX SSB Contest, sem bar uppá páskum þetta árið og var rétt gripið í tækin á sunnudeginum. Þá var SP DX Contest, en í þeirri keppni er eingöngu haft samband við Pólverja. Þeir voru fáir í gangi, enda bar keppnina upp á dánardægur landa þeirra, páfans. Í EA DX RTTY keppninni var nokkuð góð þátttaka og voru skilyrði nokkuð góð, hafði m.a. 2 stöðvar í S-Kóreu og eina í Indónesíu.

Jæja, nóg komið af mínum afrekum. Ekki hefur klúbbstöðin tekið þátt í mörgum keppnum á þessu ári, enda sem áður, erfið að manna. Því fylgir hér með hvatning til þeirra sem hafa áhuga á að smitast af keppnisbakteríunni, að hafa samband við undir-ritaðan. Við tókum þátt í WPX RTTY keppninni um miðjan febrúar og voru það TF3AO og TF3SNN sem voru virkastir. Að venju var notað keppniskallmerki félagsins, TF3W, sem er farið að verða nokkuð þekkt. Þrátt fyrir tíð hagléll með viðeigandi QRN og öðrum slíkum truflunum, náðum við 1006 samböndum í þessari keppni og var skiptingin þessi: Stig: 1.094.202

Band	QSOs	Pts	WPX
3.5	4	18	2
7	154	658	59
14	414	969	190
21	434	998	163
Samtals	1006	2643	414

Við höfðum m.a. samband við VK3, VK5 og VK7 auk JA o.fl.

TF3YH sendi mér eftirfarandi upplýsingar um sína þátttöku í keppnum það sem af er þessu ári:

“Tók þátt í ARRL CW nú um síðustu helgi frá TF4M undir hans kallmerki.

Vægast sagt F R Á B Æ R aðstaða hjá Þorvaldi. Gaman að geta „slökkt á” Evrópu!

Það voru mjög léleg skilyrði á laugardeginum. Mikil deyfing frá norðurljósum.

Mig grunar að það muni líka um þessa 200km norður til Otradals í þeim efnunum.

Plúsinn var sá að maður fékk þokkalegan nætursvefn.

Niðurstaðan varð svona:

Band	QSOs	Margf.
80M	62	26
40M	249	42
20M	988	59
15M	102	30
10M	76	23
Samtals	1477	180

Áætlaðir punktar 797.580.

Með dupe samböndum þá voru QSOin 1510. Náði WAS á 20m. Á 80m náðust m.a. QSO við W6 (CA) og W7 (OR) og miðriki USA á sunnudagsmorgninum.

Mjög skemmtileg opnun. Þurfti að fara Split á 80m sem maður gerir eiginlega ekki í keppni! Þá fékk ég eitt brjálæðislegasta pile-up sem ég hef fengið á sunnudagskvöld á 40m. Þurfti að aftur fara split og var samt í vandræðum.

Ef laugardagurinn hefði verið á við sunnudag þá hefðu QSOin líklega orðið yfir 3 þús.”

Til hamingju með þetta Yngvi, og takk fyrir að deila þessari lesningu með okkur hinum. Þá læt ég þessum pistli lokið í bili og þakka fyrir lesninguna, en hafir þú tekið þátt í einhverri keppni, þætti mér vænt um að fá smá yfirlit yfir það, til birtingar í þessum pistli, sem ég vona að ég geti haldið úti í komandi CQ TF.

73 de TF3AO Sæli

Endurvarpamál

Þór Þórisson TF3GW



TF3GW

Þegar þetta er skrifað er í pöntun 8,5dBi loftnet sem á að setja á Pétur endurvarpann á Skálafelli.

Fyrir valinu varð net frá Comet svo kallað GP9/N en þetta er duoband net sem hefur komið mjög vel út .

Áður en það verður sett upp verður sett styrktar rör utan um það sem er forsendan fyrir því að það verði nothæft á stað eins og Skálafelli en þar getur orðið mikil ísing á veturna.

Með þessari aðgerð er vonast til þess að útbreyðslan batnu til muna og verði eins og best verður á kosið. Vonandi eykst notkun endurvarpanns við þetta.

Síðast liðið sumar var breytt um tíðni á Tóta endurvarpanum á Vaðlaheiði en hann hafði tíðniparið TX/RX 145,725/145,125MHz sem var breytt í 145,625/145,025MHz vegna truflanna sem komu inn á hann og voru viðvarandi í tíma og ótíma.

Við þessa breytingu varð endurvarpinn til muna skárri en áður var en gæti þó verið betri en þar sem ekki er um aðra staði að ræða fyrir hann verður að notast við þetta.

Aðrir endurvarpar hafa gengið vel og skilað því sem reiknað var með.

73 de TF3GW

Munið að tilkynna aðsetursskipti til gjaldgera

Félagatal Í.R.A. 2005



Í.R.A.
Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík

Formaður Í.R.A. er Haraldur Þórðarson TF3HP

Félagsheimili Í.R.A. er í Þjónustumiðstöð Í.T.R.
að Skeljanesi í Reykjavík

Heiðursfélagar Í.R.A.

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Eggert Steinsen	TF3AS	Furugrund 26	200 Kópavogur	554 1857	eggerts@mmedia.is
Guðjón Einarsson	TF3AC	Silent Key			
Ingi Sveinsson	TF3SV	Silent Key			
Sveinn Guðmundsson	TF3T	Aðalstræti 8	101 Reykjavík	551 0907	sg@vak.is
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			

Almennir félagar Í.R.A.

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbær	566 7190	andres@vista.is
Arngrímur Jóhannsson	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566 6801	
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567 1860	axels@hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtsbúð 44	210 Garðabær	565 7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrunn 24	104 Reykjavík	553 2998	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Tunguheiði 6	200 Kópavogur	567 0215	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjasmára 78	201 Kópavogur	564 5760	tf3ao@simnet.is
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Þinghólsbraut 40	200 Kópavogur	554 7477	tf3la@amsat.org
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Stapaseli 9	109 Reykjavík	551 2337	
Ásgeir Örn Rúnarsson	TF3AI	Hrafnhólum 6	111 Reykjavík	557 4963	asgeir@aukaraf.is
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Grænuhlíð 10	105 Reykjavík	552 2343	baldur@kine.is
Baldvín Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555 0608	
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Snælandi 8	108 Reykjavík	553 4679	bennig@simnet.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Þingási 37	110 Reykjavík	567 2108	
Bernhard M. Svavarsson	TF3BS	Huldulandi 9	108 Reykjavík	553 9032	bern@centrum.is
Bjarni Þ. Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557 5653	tf3bm@isl.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557 8293	tf3gb@islandia.is
Bragi Reynisson	TF3ETN	Gauksási 3	221 Hafnarfjörður	867 0043	ljós@xnet.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462 3058	tf5bw@nett.is
Dofri Jónsson	TF3DJ	Grænuhlíð 4	105 Reykjavík	895 6508	sun@heaven.is
Elís Jónsson	TF3EX	Háahvammí 6	220 Hafnarfjörður	555 2002	elis@thi.is

Erling Guðnason	TF3EE	Álftamýri 14, 4HV	108 Reykjavík	568 7781	erlingg@simnet.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Miðtúni	861 Hvolsvöllur	555-4435	
Finnur Tómasson	TF3FT	Reyrengr 19	112 Reykjavík	456 7282	tf4ft@simnet.is
Fríðrik Á. Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422 7050	kristjv@mi.is
Fríðrik Kristjánsson	TF3FK	Einarsnesi 42 A	101 Reykjavík	552 6132	tf3fk@isl.is
Garðar Skarphéðinsson	TF3GTN	Víðiteigi 34	270 Mosfellsbær	893 0082	gasli@islandia.is
Gísli Páll Jónsson		Sæviðarsundi 4 kj.	105 Reykjavík	896 2468	gisli@grgolf.is
Guðjón H. Egilsson	TF3WO	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567 6817	guadjonhe@hotmail.com
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565 6046	
Guðlaugur K. Jónsson	TF8GX	Sólvöllum-Bergi	230 Keflavík	421 5040	tf8gx@gi.is
Guðmundur D. Haraldsson		Ölduslóð 42	220 Hafnarfjörður		gdh@simnet.is
Guðmundur I. Hjalmtýsson		Arkarholti 15	270 Mosfellsbær		verktakar@internet.is
Guðmundur Gunnarsson	TF3GG	Suðúrhvammí 6	220 Hafnarfjörður	565 3336	guðmundur@raftel.is
Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	Miðvangi 117	220 Hafnarfjörður	555 0100	gummi117@visir.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565 7354	tf3gc@simnet.is
Hans Utne	TF8BK	Borgarvegi 22	260 Njarðvík	421 3630	tf8bk@simnet.is
Haraldur Sigurðsson	TF3A	Miðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565 3330	haraldurs@simnet.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552 0157	hartor@hi.is
Haraldur Þrjánsson	TF3TR	Klyfjaseti 24	109 Reykjavík	849 1990	haralduorth@simi.is
Haukur Konráðsson	TF3HK	Kambsvégi 7	104 Reykjavík	568 5212	haukur@raf.is
Henry Arnar Hálfðansson	TF3HY	Búargrand 5	116 Reykjavík	566 7912	hry@gemini.is
Hilmar Arnason	TF6RXN	Silfurbraut 37	780 Höfn	478 1337	
Hjalti Jóhannsson	TF3HJ	Háahvammí 1	220 Hafnarfjörður	565 2440	hjaltijoh@islandia.is
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557 7167	
Hrafnkell Eiríksson	TF3HR	Lækjasmára 70	201 Kópavogur	554 4283	he@klaki.net
Hörður Mar Tómasson	TF3HM	Dverggholti 5	220 Hafnarfjörður	867 4545	hmt@hi.is
Höskuldur Eliásson	TF3RF	Álftamýri 2	108 Reykjavík	553 0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvinsson	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	821 8624	ingibj@mmedia.is
Íslenskir Rádióamatörar	TF3IRA	Pósthólf 1058	121 Reykjavík		
Jakob Geir Kolbeinsson	TF3SWN	Dvergabakka 36	109 Reykjavík	564 3319	jgk101@simnet.is
Jakob Helgason	TF3EJ	Sofienberggt 56-2	N-0563 Oslo, Norge	22678708	
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaselí 6	109 Reykjavík	557 7802	
Jóhann G. Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472 1110	
Jóhann Zoëga	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupstaður	477 1154	zoega@ismennt.is
Jón Börcur Ákason	TF9JCN	Hverfisgötu 78	105 Reykjavík	552 2813	
Jón E. Berg	TF5DZ	Pósthólf 314	602 Akureyri	461 1745	joneberg@simnet.is
Jón G. Bergsson	TF3JX	Engihj. 9 íb.10D	200 Kópavogur	554 3036	jonbergs@li.is
Jón Gunnar Harðarson		Víðiteigi 30	270 Mosfellsbær	566 7231	jongh@foldaskoli.is
Jón Svavarsson		Lindasmára 5	201 Kópavogur	564 1315	jonmotiv@emax.is
Jón Þ. Jónsson	TF3JA	Bollagötu 14	105 Reykjavík	567-0047	jonmot@simnet.is
Jón M. Brynleifsson	TF3JR	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565-3614	j.magnus@isholf.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Barðaströnd 31	170 Seltjarnarnes	561 2527	mrboebo@strik.is
Jökull Jóhannsson		Akurholti 9	270 Mosfellsbær	566-7169	jokullj@simnet.is
Karl Jóhann Lillindahl	TF3KJ	Hrisrima 5	112 Reykjavík	581 4220	radiotf3kj@gmail.com
Kári Snær Valtingjoer	TF6KZ	Fjarðarbraut 42	750 Stöðvarfjörður		
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Birkivellir 14	800 Selfoss	482-1262	diesel@islandia.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	638 2026	tf3kst@mmedia.is
Konráð Þórisson	TF3KE	Móaflöt 37	210 Garðabær	565-9096	konth@skima.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555 0028	kiddi@marel.is
Kristinn V. Danielsson	TF8KD	Steinahlíð 1C	603 Akureyri	461-1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551-8972	tf3kb@amsat.org
Kristþór B. Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566 7226	tf3tf@simnet.is

Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552-4199	
Loftur E. Jónasson	TF3LJ	Digranesheiði 41	200 Kópavogur	554-6538	loftur@gannet.is
Matthías Björnsson	TF5MF	Álfaklökk	601 Akureyri	462 4099	
Mattias Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	553-5204	mathag@centrum.is
Marteinn Sverrisson	TF3MA	Langatanga 2	270 Mosfellsbær	566-6829	matti@hi.is
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Stengárdsveji 113	DK-6705 Esbjerg	75171146	oro@hvippinn.is
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararima 59	112 Reykjavík	587 3420	
Ólafur Þ. Guðjónsson	TF3MX	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568 1517	olafur.g@isl.is
Ólafur B. Ólafsson LX3TF	TF3ML	48a rou du vin	LUXEMBOURG	26665326	island@pt.lu
Óskar Hlynur Óskarsson	TF3OHN	Svöluási 22	221 Hafnarfjörður	898 7582	oskaros@hi.is
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	588 3151	oskar@kpmg.is
Páll B. Jónsson		Stífluseli 9	109 Reykjavík	557 6595	pbj@mmedia.is
Reidar J. Óskarsson	TF3RON	Rafnkelsstaðav. 8	250 Garður	422 7213	
Reynir H. Stefánsson	TF6-005	Holtgötu 3	730 Reyðarfjörður	474 1182	
Rúnar Þ. Valdimarsson	TF3RJ	Reynimel 64	107 Reykjavík	568 4501	runarthv@simnet.is
Sigurbjartur I. Helgason		Vættaborgum 120	112 Reykjavík	567 5719	
Sigurður E. Davíðsson	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462-6768	
Sigurður Harðarson	TF3WST	Fögrubrekku 41	200 Kópavogur	568-4440	
Sigurður Lýðsson	TF3BA	Flókagötu 10	105 Reykjavík	863 8057	
Sigurður S. Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422 7109	tf8sm@simnet.is
Sigurður Ingólfsson	TF2SX	Hlésey	301 Akranes	566 7326	tf3sx@arrl.net
Stefán Arndal	TF3SA	Róðasölum 4	201 Kópavogur	557 3230	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561 1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Stóragarði 36	108 Reykjavík	553 5108	steinis@simnet.is
Sveinbjörn Jónsson	TF8VET	Eyjaholti 7	250 Garður	552 8873	hamradio@simnet.is
Sveinn Bragi Sveinsson	TF3SNN	Fífuseli 35	109 Reykjavík	567 0187	tf3sn@simnet.is
Sverrir Helgason	TF3FM	Brúnalandi 20	108 Reykjavík	553 7596	
Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	116 Seltjarnarnes	561 7017	saemi@simi.is
Vala Dröfn Hauksdóttir	TF3VD	Móafliót 37	210 Garðabær	565 9096	
Valdimar Tryggvason	TF3VA	Hjallahlíð 12	270 Mosfellsbær	566 8045	tryggvason@isl.is
Valdimar Einarsson	TF3VR	Baughúsum 29	112 Reykjavík	567 1953	
Valtýr Einarsson	TF1VG	Borgarhrauni 5	810 Hveragerði	557 2060	tf3vg@amsat.org
Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	Digranesvegi 18 A	200 Kópavogur	564 1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Kjartansson	TF3DX	Silungakvísl 10	110 Reykjavík	567 4013	tf3dx@mi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamraborg 26	200 Kópavogur	554 6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbraut 133	108 Reykjavík	568 4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnóðarvogi 32	104 Reykjavík	553 6157	thorkell@isholf.is
Þorvaldur Stefánsson	TF4M	Otradal	465 Bíldudalur	456 2073	otradalur@gmail.com
Þorvaldur Sveinbjörnsson	TF3TS	Glaðheimum 6	104 Reykjavík		
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestmannaeyjar	481 1045	
Þór Þórisson	TF3GW	Flétturima 2	112 Reykjavík	568 0013	tf3gw@simnet.is
Ægir Bessason	TF3CB	Brúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555 1157	
Ægir Þór Ólafsson	TF2CT	Sundabakka 15	340 Stykkishólmur	438 1738	aolafs@simnet.is
Örnólfur Hall	TF3AH	Espigerði 2	108 Reykjavík	568 1619	

Samkvæmt þessu félagatali eru almennir félagar Í.R.A. 117, sem er 5 fleiri en á síðasta ári.

Heiðursfélagar Í.R.A. eru 7 talsins og eru 5 þeirra látnir.

er um heimilisfang, símanúmer eða tölvupóstfang til að hægt sé að senda ykkur póst frá félaginu, sem þið eigið rétt á svo sem eins og CQ TF.

Gleymið ekki að láta félagið vita ef skipt CQ TF maí 2005

Breytingar sendist til gjaldkera Ársæls Óskarssonar TF3AO tf3ao@simnet.is

Neyðarfjarskipti-námskeið og próf

Jón Þóroddur Jónsson TF3JA



TF3JA

Markmið IRA eru:

a. Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.

b. Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.

c. Stuðla að færni félagsmanna og góðum

venjum í radióviðskiptum.

d. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.

e. Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tækniviðinu.

f. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.

g. Örvra radióípróttir meðal radióamatöra.

h. Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðaraudlind.

i. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíó í meðal ungs fólks.

Þetta eru háleit og góð markmið og ljóst að meginverkefni félagsins eru hagsmunagæsla, sjálfsþjálfun, kennsla, kynning og þátttaka í neyðarfjarskiptum. Yfirleitt hefur félaginu tekist nokkuð vel að uppfylla þessi markmið þó stundum hafi eitthvað skort á að sum þeirra væru virk. Fjölgun amatöra hefur oft á tíðum gengið brósuglega þrátt fyrir mikla og óeigingjarna vinnu sem margir félagsmenn hafa innt af hendi á því sviði.

Neyðarfjarskipti.

Aðkoma amatöra að neyðarfjarskiptum hefur ekki alltaf verið mikil en þó ber að geta þess sem vel hefur tekist til á því sviði en þar ber hæst þátttaka amatöra í mörg ár í starfssemi stjórnstöðvar Almanna Ríkisins, AVR. Því miður lagðist þessi þátttaka

amatöra af með nýju skipulagi AVR eða þegar AVR var lagt niður og starfsemin varð hluti af embætti Ríkislögreglustjóra. Þátttaka amatöra í stjórnstöð og viðvörunarkerfi AVR kom upphaflega til vegna frumkvæðis hóps amatöra og þannig verður það áfram, amatörar verða að taka frumkvæðið og bjóða fram sína getu. En til þess að geta boðið fram sameinaða krafta verða amatörar að byrja á því að skipuleggja sitt framboð ef svo má að orði komast og þjálfra upp einhverskonar neyðarsveit innan félagsins. Auðvitað eiga allir félagsmenn aðild að neyðarsveit, sveitin á ekki að verða lokaður klúbbur eða nefndarstarf innan félagsins þó svo að einhverjir ákveðnir amatörar taki að sér að vera í fyrirsvari fyrir verkefnið. Segja má að Radióskátar hafi nú þegar myndað slíka sveit en samt er virkilega þörf á að innan sjálfs félagsins verði til aftur skipulögð þátttaka í neyðarfjarskiptum.

Um þessar mundir er mikil vakning á þessu sviði meðal amatöra víða um heiminn ekki síst vegna þess óróa og náttúruhamfara sem nýlega hafa gengið yfir mannkynið. Í náttúruhamförunum við Indlandshaf kom vel í ljós þörfin fyrir að geta með stuttum fyrirvara sett upp neyðarfjarskipti þegar almenn stöðkerfi skemmast eða eyðileggjast og jafnvel hverfa alveg. Margar fréttir hafa borist þaðan af aðstoð við fjarskipti og starfi radióáhugamanna undanfarið.

Í sumar verður haldin fyrsta alþjóða ráðstefnan á vegum IARU þar sem fjallað verður sérstaklega um neyðarfjarskipti amatöra og framtíðarskipulag slíkrar fjarskipta. Ráðstefnan nefnist GAREC-2005, GAREC = Global Amateur Radio Emergency Communications Conference, og verður um miðjan júní í Finnlandi.

Ein mikilvægasta forsenda þess að amatör-

geti verið virkir þáttkendur í neyðarfjarskiptum er fjöldi amatöra og staðsetning. Þess vegna er mikilvægt að fjölga radióáhugamönnum út um hinar dreifðu byggðir landsins sem geta verið öflugur bakhjarl ef þörf verður fyrir neyðarfjarskipti í náttúruhamförum eða öðrum ástæðum. Geta radióáhugamanna til að sinna neyðarfjarskiptum byggir ekki síst á þekkingu og eign búnaðar sem hægt er að setja í gang á mjög stuttum tíma. Með fjölgun radióáhugamanna um landið fjölgar þeim stöðum þar sem hægt er að grípa til neyðarbúnaðar og það sem er mjög mikilvægt er að radióáhugamenn eru alltaf að nota búnaðinn og sifell til að betrubæta hann til að ná meiri árgangri.

Námskeið og próf

Líklegt er að töluverðar breytingar verði á næstunni á fyrirkomulagi þjálfunar og og prófa fyrir verðandi amatöra. Fram hafa komið hugmyndir hjá stjórnvöldum erlendis sem miða að því að auka áhuga manna á amatörradíói og auðvelda ferilinn að prófi. Þeir sem hafa gengið lengst hafa jafnvel lagt til að afnema öll próf og leyfisveitingar til notkunar amatörtíðnisviðanna. Eða með öðrum orðum opna amatörtíðnisviðin fyrir alla. Þessi vakningu má rekja til þess meðal annars að stjórnvöld vilja losna við kostnað af leyfisveitingu og eftirliti en líka til aukinnar þarfar fyrir tæknimenntun á sviði fjarskipta. Það hefur jú löngum verið þekkt staðreynd að fiksið er besti kennarinn.

Hjá IARU er í gangi vinna að tillögu að nýju alheims samræmdu leyfisstigi fyrir amatöra sem miðast við að amatörar eða amatörfélögin sjái alfarið um kennslu og próf. Þessi vinna fer fram undir vinnuheitinu “Entry Level Licence”. Eflaust má líkja þessu við gamla nýliðaprófið hjá okkur og þó ekki því samkvæmt tillögunum er ætlunin að stytta námskeiðstíma niður í jafnvel allt að helgarnámskeiði og leggja áherslu á starfrækslu búnaðar og öryggi en minnka kröfurnar til

tæknikunnáttunnar.

Hér er líka þörf fyrir frumkvæði radióamatöra því einhverjar breytingar verða óhjákvæmilega og eðlilegra að amatörar stjórnir þróuninni en vakni ekki upp einn daginn við að virkilegt kraðak hefur myndast á amatörböndunum.

Um þessar mundir er í gangi námskeið hjá ÍRA fyrir verðandi amatöra og ætlunin er að taka einn laugardag á næstunni í nokkurs konar verklegt nám. Hugmyndin er að fá nokkra virka amatöra til að koma í félagsheimilið og sýna verðandi amatörum hvernig á að starfrækja amatörstöð og haga sér á böndunum. Einnig er ætlunin að fá amatöra til að koma með heimasmiðuð tæki og janvel gangsetja þau og fara í loftið. Gott væri ef einhverjir eru til í að koma með heimasmiðuð mælitæki og sýna þau í notkun. Mælitækin mega að sjálfsögðu líka vera verksmiðjuframleidd.

Þó svo og ekki síst vegna þess að mors er ekki lengur kennt og ekki krafa um morskunnáttu til prófs er nauðsynlegt að einhverjir komi með lykla og morsi svoltið fyrir nemendur jafnvel leyfi þeim að taka í lykilinn. Morsið er jú list eða alheimsmál sem ekki má glatast.

73 de TF3JA

**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

Til umhugsunar á tölvuöld

Jón Þóroddur Jónsson TF3JA

Desibel, logaríthmi og S-mælieining



TF3JA

Desibel er mjög hentug eining til að gefa til kynna eða mæla aflaukningu, mögnun eða aflminnkun, tap vegna þess að desibel lýsir betur áhrifum af aflbreytingu heldur en aflhlutfallið sjálft gerir.

Eitt desibel jafngildir minnstu greinanlegu breytingu á merkisstyrk eða affli óháð því hvert afflið er.

20 desibela eða 20db aukning í merkisstyrk jafngildir 20 greinanlegum þrepum í aukningu á merkisstyrk sem er 100 sinnum aukning í affli. En 100 sinnum gefur mjög ýkta mynd af raunverulegum áhrifum aukningarinnar og eru því desibelin betri mælikvarði. Annar stór kostur við desibel er að í stað þess að margfalda og deila með hlutfallstölum nægir að leggja desibelin saman eða draga þau frá eftir því hvort um er að ræða ávinning eða tap.

Eftirfarandi jafna sýnir fjölda desibela fyrir ákveðið aflhlutfall:

$$db = 10(\log_{10} \frac{P_2}{P_1})$$

Ef db er notað til að lýsa spennuhlutfalli eða spennumögnun eru desibelin fundin með eftirfarandi jöfnu:

$$db = 20(\log_{10} \frac{V_2}{V_1})$$

, báðar spennurnar verða að vera mældar yfir jafnstór samviðnám því ef það er ekki gert verður fjöldi desibela menningarlaus enda er desibel að grunni til mæling á aflhlutfalli en ekki spennuhlutfalli.

Desibelið sem við amatörar notum daglega og tókum sem sjálfsgöðum sannindum eins

og það hafi alltaf verið til byggir á logaríthma, fjögur hundruð ára gamalli uppfinningu eða reikniaðferð sem oftast er kennd við skoskan lávarð að nafni Napier. Færri vita að það var raunverulega svissneskur úrsmiður Jost Burgi sem fann upp logaríthma 1588 og að til er bréf sem staðfestir það. Jost Burgi vann við stjörnuklukkur fyrir þýskra konunga og stundaði stærðfræði í frístundum sínum, eiginlega amatör.



Jost Burgi, Swiss inventor of logarithms



Framhald á síðu 15

CQ TF maí 2005

Morokulien

Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX



TF3GB

Radíóríkið Morokulien liggur á landamærum Noregs og Svíþjóðar. Ekki er það viðurkennt sem eigið ríki fyrir DXCC, en sambönd við það eru samt eftirsótt.

Ein af ástæðunum eru

kallmerkin LG5LG og SJ9WL, sem þar eru notuð. Aðdragandinn að stofnun þessa ríkis er nokkuð langur. Árið 1914 komu 12000 norskir og sænskir friðarvinir saman

á landamærunum til að minnst þess, að 100 ár voru liðin síðan þjóðirnar bárust á banaspjótum. Reistu þeir 18 m hátt minnismerki úr granít og kom efnið frá landamærunum í Iddefjord.

Mynd af minnismerk- inu prýðir diplómu ríkisins. Árið 1959 höfðu norðmenn og

svíar sameiginlega útvarpsdagskrá með fjár- söfnun handa flóttafólki. Var þá sent beint

frá landamærunum og yfirlýsing gefin út um stofnun radíóríkisins Morokulien. Ekki er þetta neitt stórveldi, því flatarmálið er bara 6 hektarar. Sjálft nafnið er sett sam- an úr norska orðinu „moro“ og sænska orðinu „kul“, sem hafa sömu merk- ingu, og þýða „gaman“. Í upplýs- ingamiðstöðinni á landamærunum er

CQ TF maí 2005



hægt að kaupa Morokulien vegabréf og fá sendibréf stimpluð með póststimpli Morokulien. Sumarið 1968 héldu radíóamatör- ar innreið sína í Morokulien og kallmerkið LG5LG var notað þar í fyrsta skipti. Svo

[Framhald á síðu 15](#)



Meira afl

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

Aflmagnarar (“línear-magnarar” eða “linear amplifiers”) verða oft umræðuefni meðal amatöra. Miðlungsafli (um 100 W) eða lægra dugar okkur oftast og það er almennt góð venja að nota

ekki meira afl en þarf til að halda uppi fjarskiptum. Í sumum tilvikum koma menn sér þó upp aflmögnum sem geta sent út kílóvatt, eða 1000 W, sem er að öllu jöfnu mesta leyfilega sendiafli amatöra á Íslandi.

Hvaða máli skiptir aukinn styrkur?

Magnari, sem eykur afl sendingar frá 100 W upp í 1000 W, eykur styrk móttækna merkisins um 10 dB. Til samanburðar er þetta sama styrk aukning og fengist við að auka aflið úr 10 W upp í 100 W, sem er vissulega umtalsvert og gerir í mörgum tilvikum gæfumuninn um hvort samband náist eða ekki. Oft er miðað við að hver S-eining á mótakaranum samsvari 6 dB og þannig væru 10 dB einungis 1-1/2 S-eining á mæli mótakarans. Það er þó langt í frá að unnt sé að treysta á S-mæla til að meta styrkbreytingar í dB. Á vefsíðu W8WWV [1] kemur fram að ein S-eining getur samsvarað allt frá 1 dB til 9 dB. Tækin eru mismunandi að þessu leyti og einnig getur verið breytileiki í mæli sama tækisins eftir tíðni, styrk merkisins og öðru. Sömu ónákvæmni er að finna á efri hluta S-kvarðans, þar sem 10 dB munur í aflestri þarf alls ekki að þýða 10 dB munur í styrk, heldur allt frá 4 til 20 dB.

Á vefsíðu W8WWV kemur fram að oft er munurinn á neðsta hluta S-skalan, t.d. milli S1 og S2 aðeins um 2-3 dB. Þannig lyftir 10 dB aukning veikum merkjum dæmigert frá S1 upp í S5-S6, sem verður að teljast umtalsvert og ræður stundum um hvort merki heyrir eða alls ekki.

Aukið afl – síðasta úrræðið

Þegar nauðsynlegt er að auka móttöku-

styrk merkisins frá okkur koma fleiri úrræði til greina en aukning affsins. Fyrst ber að nefna loftnetin, en oft má bæta merkisstyrk til tilekins staðar um tugi desibela með því að snúa loftneti rétt, bæta staðsetningu þess (hæð, fjarlægð frá leiðandi hlutum), bæta hönnun þess eða minnka töp. Ávinningurinn nýtist ekki aðeins í að koma sterkara merki frá loftnetinu, heldur eykst einnig styrkur móttækinnna merkja að sama marki; þessa virkni “í báðar áttir” gefur aflmagnari ekki. Í þéttbýli eru mönnum þó oft settar þröngar skorður um loftnet og það er ein ástæða þess að oft er fyrr leitað á náðir aukins afl en annars væri.

Bæta má þó enn fjarskiptasamband með öðrum ráðum. Mors (CW), PSK og WSJT eru mótunaraðferðir sem henta sérstaklega til fjarskipta með veikum merkjum. Loks skiptir færni og reynsla radióamatörsins sjálfs miklu máli um að greina veik merki innan um suð og truflanir.

Það má til sanns vegar færa að skynsamlegt er að reyna alla aðra kosti til að auka styrk áður en fjárfest er í aflmagnara. Auknu afli fylgja ýmsir ókostir og varúðarráðstafanir. Í fyrsta lagi ber að nefna kostnaðinn við aflmagnara, umstang og óþægindi – s.s. biðtíma eftir að magnarinn hiti sig upp og viftuhljóð frá kælingu. Búa þarf vel um fæðilínur, tengingar og loftnetið, hætta eykst á truflunum og huga þarf að slyshættu vegna háspennu og rafsegulgeislunar. M.a. hafa menn í auknum mæli beint sjónum að hættu vegna rafsegulsviðs að undanförmu og um hana er t.d. fjallað í námsefni radióamatöra í Bandaríkjunum. Á vefsíðu KN4S [2] má finna ágæta umfjöllun um málið, viðmiðunarmörk og leiðbeiningar um smíði einfaldrar tækja til að mæla sviðsstyrk sterkar rafsegulgeislunar. Ennfremur hefur N5XU [3] einfalda reiknivél á vefsíðu sinni, þar sem meta má sviðsstyrk nærri loftneti og hvort hann sé innan viðmiðunarmarka.

Þurfum við meira afl?

Á Íslandi höfum við þá sérstöðu að vera til-
tölulega fjarri þéttbýlissvæðum. Á tímum
lítillar sólblettavirkni, eins og núna, færum
við stuttbylgjuþjarskipti yfir á lægri tíðni-
svið, þar sem loftnet þurfa að vera stærri
(um tugir metra ef vel á að vera) og meira
afl þarf til að ná samböndum til umheimsins
en á hærri stuttbylgjutíðnum. Að auki vill
svo til að landið er staðsett undir norðurljós-
abeltinu, sem oft deyfir eða alfarið hindrar
þjarskipti héðan til annarra landa. Loks gef-
ur norðlæga hnattstaðan mun minni tæki-
færi til radióútbreiðslu á VHF og UHF en á
suðlægari slóðum.

Allt þetta stuðlar að því að menn leita á náð-
ir aukins afls þegar þess gerist þörf. Þetta
á m.a. við þegar tekið er þátt í alþjóðleg-
um radiókeppnum, þar sem við stöndum
að ýmsu leyti höllum fæti í samkeppni við
félag okkar á meginlöndunum sunnar og
beggja vegna Atlantshafsins. Það var því
framfarspor þegar mesta leyflegt sendiafl í
reglugerð um radióamatöra var aukið upp í
1000 W, sem nálgast þau hámrörk sem leyfð
eru sums staðar í öðrum löndum. Jafnframt
gefur reglugerðin kost á að gefið sé tíma-
bundið leyfi fyrir meira afl í sérstökum til-
vikum – og þá væntanlega með hliðsjón af
þeim atriðum sem hér hafa komið fram.

Lokaorð

Það er skynsamlegt að bæta aðra þætti rad-
íóstöðvarinnar eins og kostur er áður en
fjárfest er í aflmagnara. Aukið afl, t.d. frá
100 W upp í 1000 W, getur þá gert gæfu-
muninn – einkum í þjarskiptum við erfið
skilyrði á lægstu tíðnisviðum og svo á VHF
og ofar.

73 de TF3KX

Tilvísanir

[1] <http://www.seed-solutions.com/greg-ordy/>

[2] <http://www.kn4s.com/rf.html>

[3] <http://n5xu.ae.utexas.edu/rfsafety/>

Til umhugsunar á tölvuöld frh.

Sigfús, TF5SJ sagði ágætlega frá S-mæling-
um hér í blaðinu fyrir nokkru síðan. Svólítið
hefur verið á reiki meðal amatöra hvað ein
S-mælieining er stór en eins og kom fram
hjá Sigfúsi virðast amatörur orðnir sammála
um að ein S-eining jafngildi 6 db eða fjórf-
öldun í afl en ekki 3db eins og sumir vilja
hafa það. Og að viðmiðunin er, S9 jafngildir
50^μ V yfir 50 ohm. Gallinn er hins vegar sá
að amatörtækin sýna yfirleitt ekki réttu gild-
in og því lítið að marka þá S-tölu sem gefin
er upp á böndunum. Bent hefur verið á að
amatörar ættu frekar nota að sitt eigið mæl-
itæki, heyrmina til að meta S-töluna en þá
þarf á einhvern hátt að samræma matið til að
einhver meining verði með því að gefa upp
S-styrkin. Kannski væri bara best að nota:
Ég heyri illa – frekar illa – sæmilega – vel
– mjög vel í þér. Núllið hefur enga meiningu
því varla er hægt að segja: Ég heyri ekkert
í þér.

73 de TF3JA

Morokulien frh.

vildi til, að í Morokulien stóð tóm hús sem
átti að rífa og í félagi slógu norskir og sænsk-
ir amatörar eign sinni á húsið. Í dag er það
félagið ARIM (Amatörradio í Morokulien),
sem sér um rekstur og viðhald á húsinu og
amatörstöðinni. Í stjórn félagsins sitja þrír
sænskir og þrír norskir radióamatörar, sem
nota mikið af tómstundum sínum til að sinna
þessum málum. Tilgangur félagsins er, að út-
vega fé til námskeiðahalds fyrir fatlaða, sem
vilja verða radióamatörar. Hægt er að leigja
húsið með öllum búnaði og er verðinu stillt
í hóf. Gott pláss er í húsinu og er ágætt fyrir
fjölskyldur að gista þarna. Einnig er hægt
að leigja húsið einhverja dagstund. Lyklarn-
ir eru geymdir á tollstöðinni. Á heimasíðu
ARIM er hægt að finna allar upplýsingar um
loftnet, radióbúnað, húsbúnað og allt annað
sem gott er að vita áður en pantað er. Heima-
síðan er <http://east.no/priv/la7tia/arim/>

73 de TF5SJ/LA0BX

Aðalfundur Í.R.A. 2005

Aðalfundur Í.R.A.

**Verður haldinn í
húsnæði félagsins í
þjónustumiðstöð Í.T.R.
að Skeljanesi í Reykjavík**

**Laugardaginn 28. maí 2005
kl. 14.00**

**Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál**

Félagar Í.R.A. eru hvattir til að fjölmenna

Stjórn Í.R.A.